

89

30. ágúst

9. gr.

Bryggjusjóður skal vera undir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og skal honum eingöngu varið til umbóta og aðgerðar bryggjunni, tækjum hennar og bátauppsátrinu.

10. gr.

Brot móti reglugerð þessari varða sektum allt að 100 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í Bryggjusjóð.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt 6. grein má taka lögtaki.

12. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi felld reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, frá 1. sept. 1927.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 15. september 1932 og birtist hérmeð til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1932.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

90

9. sept.

REGLUGERÐ

um

breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m. frá 24. júlí 1930.

Í stað orðanna: „Miðvikudaginn í 24. viku sumars“ í 18. gr. fjallskilareglugerðarinnar komi: „Fimmtudaginn í 24. viku sumars“.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1932.

Þorsteinn Briem.

Gunnl. E. Briem.